

AUGLÝSING

um samning milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á samningi um Menningarsjóð Norðurlanda.

Hinn 23. desember 2002 var danska sendiráðinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á samningi um Menningarsjóð Norðurlanda frá 12. júní 1975 sem gerður var í Kaupmannahöfn 31. október 2001, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/1976, þar sem samningurinn um Menningarsjóð Norðurlanda er birtur, og 23/1976. Samningurinn öðlast gildi 22. janúar 2003.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á samningi um Menningarsjóð Norðurlanda frá 12. júní 1975.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem óska að styrkja hlutdeild Færeyja, Grænlands og Álandseyja í stjórn Menningarsjóðs Norðurlanda, hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

7. og 8. gr. samningsins frá 12. júní 1975, með breytingum með samningi, dags. 3. desember 1990, skulu hljóða eins og hér segir:

7. gr.: „Sjóðsstjórn annast umsýslu sjóðsins, úthlutar fé hans og stjórnar starfsemi hans að öðru leyti. Stjórnin ákveður einnig um viðtöku gjafa eða arfleiðsluskrár, svo og hversu ávaxta skuli fé sjóðsins. Sjóðsstjórn er skipuð þrettán stjórnarmönnum. Fimm þeirra eru skipaðir af Norðurlandaráði, einn frá hverju landi. Ráðherranefnd Norðurlanda skipar einnig fimm fulltrúa, einn frá hverju landi. Á sama hátt er skipaður persónulegur varamaður fyrir hvern stjórnarmann. Þá eru skipaðir þrír fulltrúar frá Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum hverju fyrir sig.

Norðurlandaráð velur fulltrúa og persónulegan varamann frá Færeyjum fyrir annað hvert skipunartímabil og ráðherranefnd Norðurlanda fyrir skipunartímabilin þar á milli.

Ráðherranefnd Norðurlanda velur fulltrúa og persónulega varamenn Grænlands og Álandseyja hvors um sig fyrir annað hvert skipunartímabil og Norðurlandaráð fyrir skipunartímabilin þar á milli.

Stjórnarmenn og varamenn þeirra eru skipaðir til tveggja almanaksára í senn. Láti stjórnarmaður eða varamaður af starfi áður en skipunartímabili lýkur skal skipa eftirmann hans til loka tímabilsins. Stjórnin kýs úr sínum hópi formann og varaformann til eins almanaksárs í senn. Stjórnarformaður skal vera frá sama landi í tvö ár samfleytt.“

8. gr.: „Sjóðsstjórn er ályktunarbær þegar formaður eða varaformaður og eigi færri en sjö aðrir stjórnarmenn eru viðstaddir. Stjórnin tekur ákvarðanir með einföldum meirihluta atkvæða. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.“

2. gr.

Frumrit samnings þessa skal varðveitt í danska utanríkisráðuneytinu sem skal senda öðrum aðilum staðfest afrit af því.

3. gr.

Samningur þessi öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag sem allir aðilar hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að þeir hafi staðfest samninginn. Vörsluaðili tilkynnir öðrum aðilum um dagsetningu móttöku þessara tilkynninga.

Samningur þessi skal vera í gildi á meðan samningurinn frá 12. júní 1975, með áorðnum breytingum með samningi dags. 3. desember 1990, er í gildi.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa umboð, undirritað samning þennan. Gjört í Kaupmannahöfn hinn 31. október 2001 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu allir textar jafngildir.